

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulaginu Arnarnesland – Akrrar sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 5. nóvember 1992. Breytingarnar teljast óverulegar sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og varða eftirtaldar lóðir:

Gullakur 6. Breytingin felst í stækkun byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. desember 2006 og tekur hér með gildi.

Gullakur 9. Breytingin felst í að leyfilegur hluti húss í útbyggingarreit stækkar. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. desember 2006 og tekur hér með gildi.

Krossakur 8. Breytingin felst í stækkun byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. desember 2006 og tekur hér með gildi.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Lundi sem samþykkt var í bæjarstjórn 25. maí 1967. Breytingin telst óveruleg sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og varðar lóð nr. 7 við Heiðarlund.

Breytingin felst í stækkun byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. desember 2006 og tekur hér með gildi.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi Kjarrmóa sem samþykkt var í bæjarstjórn 31. júlí 1979. Breytingin telst óveruleg sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og varðar lóð nr. 6 við Kjarrmóa.

Breytingin felst í stækkun byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. desember 2006 og tekur hér með gildi.

*Garðabæ, 30. maí 2007.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. júní 2007